

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í Félagsheimilinu Baldurshaga, Bíldudal, fimmtudaginn 10. september 2015 kl 13.00.

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir, Pétur G Markan og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fundinn og tilkynnti að borist hefði erindi frá Baldri Smára Einarssyni, stjórnarmanni, þess efnis, að hann sjái sér tímabundið ekki fært um að sinna stjórnasetu í stjórn FV og BsVest, af persónulegum ástæðum. Hann óskar því eftir leyfi frá störfum í stjórn FV og BsVest nú á næstu mánuðum.

Formaður lagði fram tillögu; *Pétur G Markan, Súðavík kjörinn varamaður Baldurs Smára Einarssonar, taki nú sæti í stjórn FV í fjarveru Baldurs. Gildi þessi ráðstöfun þar til Baldur komi aftur úr leyfi, þó ekki lengur en til 61. Fjórðungspings Vestfirðinga því þar líkur kjörtímabili stjórnar samkvæmt 5. gr. samþykktar FV.* Tillagan samþykkt.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 20. ágúst 2015.

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar frá 20. ágúst 2015, fundargerðin var send út í tölvupósti en óskast nú staðfest formlega. Tillagan samþykkt.

2. Sóknaráætlun Vestfjarða

a. Fundur samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða, 28. ágúst 2015

Lögð fram fundargerð samráðsvettvangs frá 28. ágúst 2015. Fram kemur í fundargerð að samráðsvettvangur samþykkir Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019, með áorðnum breytingum á áhersluverkefnum, eins og þau voru kynnt á fundinum og aðdraganda hans. Fundurinn samþykkti einnig að fela FV að óska eftir tilnefningum sveitarfélaga um skipan sjö manna framkvæmdaráðs samráðsvettvangs, miðað er við að ekki verði tilnefndir kjörnir fulltrúar úr sveitarstjórnnum.

b. Tillaga um framkvæmdaráð.

Framkvæmdastjóri kynnti tilnefningar fjögurra sveitarfélaga á Vestfjörðum sem höfðu borist fyrir fundinn en þrjú sveitarfélög náðu ekki að skila tilnefningu, en eru með málið í vinnslu.

Rætt um þær tilnefningar sem höfðu borist og gerði formaður tillögu um að tilnefna Dóru Hlín Gísladóttur, Ísafjarðabæ, Gerði Sveinsdóttur, Vesturbyggð, Lilju Magnúsdóttur, Tálknafjarðarhreppi og Þorstein H Þorsteinsson, Súðavíkurhreppi. Formaður framkvæmdaráðs verði Dóra Hlín Gísladóttir. Tilnefningar annarra sveitarfélaga þegar þær liggja fyrir ,verða staðfestar með tölvupósti.

Tillagan samþykkt.

c. Fundur stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.

Kynnt fundarboð frá Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál á Ísafirði, þann 17. september n.k.. Fundurinn er hluti af fundarröð stýrihópsins með landshlutasamtökum sveitarfélaga. Á dagskrá fundarins verður framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019 þ.m.t. áhersluverkefni, samstarf

stýrihóps við FV og almenn umræða um framkvæmd . Framkvæmdastjóri kynnti að hann hafi boðað stjórn og starfsmenn FV og framkvæmdastjóra Atvest til fundarins og nú mun hann einnig boða nýskipaðan formann framkvæmdaráðs samráðsvettvangs.

- d. Fundargerðir stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál
Fundargerðir stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál frá 15. og 16. fundi stýrihópsins lagðar fram til kynningar.

3. Starfsmannamál

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um starfskjör verkefnastjóra FV.

Minnisblaðið er tekið saman í framhaldi af erindi starfsmanna frá 13. apríl s.l.. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir starfskjörum í hluta landshlutasamtaka sveitarfélaga og upplýsingum um kjör millistjórnenda í sveitarfélögum. Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga er gerð tillaga að röðun verkefnastjóra í FV í launaflokka kjarasamnings SNS og BHM m.t.t. verksviðs og starfsreynslu. Tillagan felur í sér hækkun launaliðs í fjárhagsáætlun 2016 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2015.

Formaður gerði tillögu um samþykkt á efni minnisblaðs framkvæmdastjóra, breytingar á launalið í fjárhagsáætlunum er vísað til 60. Fjórðungspings Vestfirðinga. Tillagan samþykkt.

4. Undirbúningur 60. Fjórðungspings Vestfirðinga

a. Ársreikningur 2014.

Framkvæmdastjóri lagði fram lokadrög ársreiknings 2014 með skýringum.

Ljúka þarf við skýrslu stjórnar þannig ganga megi frá undirritun

ársreikningsins. Rætt um efni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að skýrslu, á grundvelli umræðu á fundinum. Ársreikningur verði staðfestur á næsta fund stjórnar .

b. Fjárhagsáætlun 2016, undirbúningur.

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning fjárhagsáætlunar.

c. Efni þingsins, stefnumörkun

Formaður og framkvæmdastjóri lögðu fram drög að stefnumörkun

Fjórðungssambands Vestfirðinga sem lögð verði fyrir 60. Fjórðungsping

Vestfirðinga. Á grundvelli stefnumörkunar verði verkefnum sambandsins

forgangsraðað fyrir komandi starfsár. Markmið þessara vinnu er að breyta starfsháttum Fjórðungspings þannig í stað fjölda ályktana um aðskiljanleg mál, yrði til stefnuskjal sem lagt yrði fram á hverju þingi til umræðu í hópavinnu.

Markmið með breytingunni er að ná aukinni samfelli á vinnslu mála á milli

þinga, betri eftirfylgni mála gagnvart stjórnvöldum, samþætting við áætlanir

s.s. Sóknaráætlun Vestfjarða og bætt tengsl við starfsáætlun sambandsins.

Komi upp veruleg ágreiningsmál um efni stefnumörkunar þá yrðu kallaðar til

nefndir samkvæmt samþykktum FV, þ.e. allsherjarnefnd og

fjórðungsmálanefnd til að ræða þau ágreiningsmál.

Stjórn tekur jákvætt í tillögu formanns og framkvæmdastjóra um breytingar á starfsháttum og vísar gerð tillögu að stefnumörkun til næsta stjórnarfundar.

d. Breyting samþykktu FV

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu drög að breytingum á samþykktum Fjórðungssambandsins sem lagðar yrðu fram til umræðu og afgreiðslu á 60. Fjórðungsþing Vestfirðinga. Tillagan er rökstudd á þann hátt að aðlaga þurfi samþykktirnar að breyttu umhverfi og auknum verkefnum landshlutasamtaka sveitarfélaga, breytingar sem m.a. kölluðu á aukið aðgengi allra sveitarfélaga að stjórn samtakanna.

Rætt um efnisatriði og tillögur að nýjum samþykktum. Framkvæmdastjóra er falið að taka saman umræðu á fundinum og leggja fram að nýju tillögu að breytingum samþykktu á næsta stjórnarfundum.

5. Samstarfssamningur Fjórðungssambands og Atvinnuþróunarfélags

Tekið til umræðu endurnýjun samstarfssamnings FV og Atvest um atvinnu- og byggðaðróun en samningurinn hefur verið laus frá síðustu áramótum.

Stjórn samþykkir að leggja til endurnýjun samnings á grunni efnisatriða fyrri samnings en með ákveðnum breytingum er varða starfskyldur, upplýsingaflæði á milli aðila og siðareglur. Samningstími verði í takt við samning FV og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðaðróun á Vestfjörðum, en gildistími hans er til ársloka 2017.

Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að nýjum samningi í ljósi umræða á fundinum.

6. Önnur mál.

a. Boðun þingmannafundar í kjördæmaviku 28. sept – 1. október n.k..

Formaður kynnti að lögð hefði verið fram beiðni til 1. þingmanns NV kjördæmis um að fundur þingmanna í kjördæmaviku með sveitarfélögum á Vestfjörðum verði haldinn á Patreksfirði, þann 1. október n.k., í framhaldi af málþingi um skólamál.

Tekið hefði verið jákvætt í málið en endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir.

b. Ferðamálastofa. Tillögur að breyttri skipan svæðasamstarfs í markaðsmálum ferðapjónustunnar.

Umfjöllun um málið var frestað á fundi stjórnar þann 20. ágúst s.l., þar sem upplýsingar skorti um málið m.a. drög að nýjum samningi. Framkvæmdastjóri upplýsti að atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið hefði kynnt landshlutasamtökum sveitarfélaga að erindi Ferðamálastofu væri ekki í takt við vilja ráðuneytisins. Vænta má að drög að nýjum samningi taki tilliti til afstöðu ráðuneytisins og beðið væri enn nýrra samningsdraga. Stjórn FV frestar frekari umræðu til næsta stjórnarfundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.30.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.